Formaður félagsstjórnarinnar er Friðrik Þórðarson og fer hann með framkvæmdastjórn félagsins fyrst um sinn í samráði við stjórnina. Varaformaður er Sólmundur Sigurðsson.

Borgarnesi, 17. apríl 1941.

Friðrik Þórðarson. Sólmundur Sigurðsson. Ingimundur Einarsson.

Sigurður Kristjánsson. Jónas Kristjánsson.

3. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður.

1. Á aðalfundi hlutafél. „Fjölnir“ á Þingeyri fimmtudaginn 9. jan. þ. á. var kosin eftirfarandi stjórn félagsins:

Formaður Páll Jónsson, skipstjóri, Þingeyri.

Meðstjórnendur: Frú Jóhanna Gísladóttir, Þingeyri, hr. Magnús Amlín, s.st. 233

Varamedstjórnandi: Guðmundur Jónsson, vélstjóri, Þingeyri.

Þingeyri, 14. febrúar 1941.

per pro. h.f. Fjölnir

Páll Jónsson.

2. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Ísafjarðar, að ég undirritaður rek smásöluverzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu „Leósverzlun“. Ég einn hef rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Leósverzlun

Ágúst Leós,

Ísafirði, 28. marz 1941.

Ágúst Leós.

Hrannargötu 8, Ísafirði.

3. Hér með tilkynnist, að á aðalfundi Hraðfrystihúss Flateyrar h.f., Flateyri, sem haldinn var 30. þ. m., var samþykkt eftirfarandi:

Við þriðju grein samþykkt félagsins komi þessi viðbót:

„og einnig koma á fót niðursuðu, fiskimjölsverksmiðju, og öðrum fiskiðnaði, sem stjórn félagsins telur henta á hverjum tíma.“

Einnig var samþykkt eftirfarandi breyting á fjórðu grein samþykkt félagsins:

„Stjórn félagsins veitist heimild til að hækka hlutafé félagsins nú á þessu ári í allt að kr. 45400.00, enda hafi núverandi hluthafar forgangsrétt að aukningahlutum, ef heimild þessi verður notuð“.

Flateyri, 31. marz 1941.

Stjórn Hraðfrystihúss Flateyrar h.f.

M. Guðmundsson. Jón Jónsson. Hj. Hjartar.

Ásgeir Guðnason. Jón Þorbjarnarson.

4. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Ísafjarðarsýslu, að ég undirritaður hef frá og með 1. júlí selt vélsmiðju mína Guðm. J. Sigursson & Co. samnefndu hlutafélagi Guðm. J. Sigurðsson & Co., h.f., og óskast því breytt í firmaskránni frá þeim degi að telja.

Þingeyri, 8. júlí 1941.

Guðm. J. Sigurðsson.

5. Á aðalfundi h.f. „Njörður“, er haldinn var 15. þ. m., voru þessir menn kosnir í stjórn:

Guðm. G. Hagalín, Ketill Guðmundsson, Grímur Kristgeirsson, Eiríkur Einarsson og Ólafur Magnússon, allir búsettir á Ísafirði.

Í varastjórn voru kosnir:

Hannibal Valdimarsson, Guðm. Guðmundsson, Pálmi Sveinsson, Stefán Stefánsson og Jónas Tómasson, einnig allir búsettir á Ísafirði.

Þá hefur stjórn hlutafélagsins samþykkt að nota aðeins kr. 350.00 af heimild þeirri, er henni var gefin til aukningar á hlutafjársofnun, að upphæð kr. 15000.00. Er hlutafé þá alls kr. 35350.00. Er hlutafé þetta nú allt innborgað og hlutafjársofnun því lokið að sinni.

Ísafirði, 28. júlí 1941.

p. p. h.f. Njörður

K. Guðm.

- 233 6. Við undirrituð, frú Sigríður Jónsdóttir, kaupkona, og Kristján H. Jónsson, kaupmaður, bæði á Ísafirði, sem undanfarið höfum rekið verksmiðju á Ísafirði undir nafninu Húfuiðjan Hektor, tilkynnum hér með, að við höfum breytt nafni fyrirtækisins þannig, að það skuli framvegis vera Verksmiðjan Hektor. Hvort okkar um sig hefur rétt til að rita firmað, að því er snertir daglegan rekstur, en að því er snertir skuldbindingar firmans með lántöku, veðsetningu, kaup og sölu fasteigna, þarf undirskrift beggja eigenda. Undirskriftum er hagað þannig:

Verksmiðjan Hektor
Sigríður Jónsdóttir.
Verksmiðjan Hektor
Kr. H. Jónsson.
Verksmiðjan Hektor
Kr. H. Jónsson. Sigríður Jónsdóttir.
Ísafirði, 19. sept. 1941.
S. Jónsdóttir. Kr. H. Jónsson.

3. Strandasýsla.

1. Undirrituð hafa komið sér saman um að stofna með ótakmarkaðri ábyrgð firmað Kristján Jónsson & Co., með heimili og varnarþingi í Hólmavík.

Tilgangur firmans er að reka smásöluverzlun með innlendar og erlendar vörur.

Framkvæmdarstjóri með prókúruumboði er Kristján Jónsson, Hólmavík.

Allir félagsmenn skulu undirrita gjörninga um veðsetningu, kaup eða sölu fasteigna. Að öðru leyti þarf undirskrift tveggja félagsmanna til að rita firmað, og rita þeir það þannig:

Kristján Jónsson & Co.
Kristján Jónsson. Kr. Finnbogason.
Kristján Jónsson & Co.
Solveig Magnúsdóttir. Kristján Jónsson.
Kristján Jónsson & Co.
Kr. Finnbogason. Solveig Magnúsdóttir.
Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Kristján Jónsson & Co.
Kr. Jónsson.
Reykjavík, 28. marz 1941.
Kr. Finnbogason,
Bókhöfundur.
Hólmavík, 17. apríl 1941.
Kristján Jónsson, Solveig Magnúsdóttir,
Hólmavík. Hólmavík.

2. Það tilkynnist hér með til samvinnufélagaskrárinnar, að á aðalfundi Kaupfélags Steingrímsfjarðar í Hólmavík, 14. júní 1941, varð sú breyting á stjórn félagsins, að úr stjórninni gekk Magnús Gunnlaugsson, bóndi, Ósi, en í hans stað var kosinn Hjalti Einarsson, trésmiður í Hólmavík.

Stjórn félagsins skipa nú þessir menn:

Benedikt Grímsson, bóndi, Kirkjubóli, formaður.

Alfreð Halldórsson, bóndi, Stóra-Fjarðarhorni.

Guðbjörn Bjarnason, verkamaður, Hólmavík.

Guðmundur Jóhannsson, bóndi, Kleifum, og

Hjalti Einarsson, trésmiður, Hólmavík.

Hólmavík, 12. ágúst 1941.

pr. pr. Kaupfélag Steingrímsfjarðar

Guðbrandur Magnússon.

233

4. Húnavatnssýsla.

1. Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrá Húnavatnssýslu, að sú breyting hefur orðið á stjórn h.f. Húni, Skagaströnd, að Ólafur Ásgeirsson hefur samkvæmt skriflegri úrsögn dags. 23. f. m. sagt sig úr félaginu, og hefur Hörður Ásgeirsson, Skagaströnd, gengið í félagið í hans stað.

Skagaströnd, 13. febr. 1941.

pr. pr. h.f. Húni

J. Bjarnason.

5. Siglufjarðarkaupstaður.

1. Hér með tilkynnist til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að stjórn H.f. Ásgeir Pétursson er breytt þannig:

Úr stjórn félagsins hefur gengið Guðmundur Pétursson, Brekkugötu 27, Akureyri. Í hans stað var kosinn Jón W. Ásgeirsson, Hlíðarveg 4, Siglufirði, og skipa því stjórnina nú: Ásgeir Pétursson, Kaupmannahöfn, Sigurður Kristjánsson, Siglufirði, og Jón W. Ásgeirsson, s.st.

Hinn nýi stjórnandi skrifar nafn sitt þannig:

Jón W. Ásgeirsson.

Það tilkynnist einnig, að vér höfum gefið Jóni W. Ásgeirssyni prókúruumboð fyrir H.f. Ásgeir Pétursson, og hefur hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum.

Hann ritar firmað þannig:

pr. pr. H.f. Ásgeir Pétursson

Jón W. Ásgeirsson.

p. t. Siglufirði, 23. ágúst 1940.

H.f. Ásgeir Pétursson.

Ásgeir Pétursson. Sig. Kristjánsson.

2. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að við höfum hinn 8. október 1940, selt Verzlunarfélagi Siglufjarðar h.f., Siglufirði, verzlun okkar þar á staðnum, sem við höfum rekið undir nafninu „Heimaklettur“ og eru allar skuldbindingar verzlunarinnar frá þeim tíma okkur óviðkomandi.

Siglufirði, 8. okt. 1940.

K. Kristmanns. Gunnl. Loftson.

3. Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Siglufjarðar, að á fundi í h.f. Hrímnir, Siglufirði, sem haldinn var 12. nóv. s.l., veitti stjórn félagsins Friðriki Guðjónssyni, útgerðarmanni, Siglufirði, umboð til að fara með prókúru fyrir félagið með öllum réttindum prókúruhafa samkvæmt gildandi lögum.

233 Prókúruhafi ritar félagið þannig:

pr. pr. h.f. Hrímnir
 Friðrik Guðjónsson.
 Siglufirði, 28. des. 1940.
 Í stjórn h.f. Hrímnir
 Friðrik Guðjónsson. Áki Jakobsson. Erl. Þorsteinsson.
 Ingvar Guðjónsson. Aage Schiöth.

4. Hér með tilkynnist, að ég, Jón B. Valfells, hef selt hr. Gestí Fanndal, kaupm., verzlun mína, Vöruhús Siglufjarðar, og er hann frá þessari stundu eigandi og ábyrgðarmaður verzlunarinnar.

Um leið afturkallast og prókúruumboð það, sem frú Dagmar Þórhallsson hefur haft fyrir mig vegna forstöðu hennar fyrir Vöruhúsi Siglufjarðar.

Reykjavík, 10. febr. 1941.

Jón B. Valfells.

Samkvæmt ofanrituðu hef ég undirritaður keypt verzlunina Vöruhús Siglufjarðar, Siglufirði.

Firmað rek ég áfram með ótakmarkaðri ábyrgð og rita það einn þannig:

Vöruhús Siglufjarðar
 G. H. Fanndal.
 Siglufirði, 25. febr. 1941.
 Gestur H. Fanndal.

5. Hér með tilkynnist til firmaskrár Siglufjarðar, að Sigurður Kristjánsson er genginn úr firmanu Verzlunin Sveinn Hjartarson og er Guðstaf Þórðarson einn eigandi firmans og ber einn ábyrgð á skuldbindingum þess.

Siglufirði, 4. marz 1941.

Sig. Kristjánsson. G. Þórðarson.

6. Undirrituð stjórn Sildarverksmiðju Siglufjarðarkaupstaðar „Rauðku“, Siglufirði, veitir hér með hr. Snorra Stefánssyni, Hlíðarhúsum, Siglufirði, umboð til þess að fara með prókúru fyrir verksmiðjuna með öllum réttindum prókúruhafa samkvæmt gildandi lögum.

Snorri Stefánsson hagar undirskrift sinni þannig:

pr. pr. Sildarverksmiðja Siglufjarðarkaupstaðar Rauðka
 Snorri Stefánsson.

Í stjórn Sildarverksmiðju Siglufjarðarkaupstaðar Rauðku
 Erl. Þorsteinsson. Áki Jakobsson. Ó. Hertervig.

7. Samkvæmt yfirlýsingu eigenda verzlunarinnar „Heimaklettur“, Siglufirði, dags. 8. október 1940, hefur Verzlunarfélag Siglufjarðar h.f., Siglufirði, keypt verzlunina „Heimaklettur“, Siglufirði, og rekur hana frá 8. okt. 1940 sem sína eign og á sína ábyrgð.

Siglufirði, 9. júní 1941.

pr. pr. Verzlunarfélag Siglufjarðar h.f.
 Ásgeir Jónasson.

8. Hér með tilkynnist til firmaskrár Siglufjarðar, að við undirrituð rekum umboðs- og heildverzlun í Siglufirði undir nafninu Baldur Eiríksson, umboðs- & heildverzlun, Siglufirði. 233

Firmað er rekið með ótakmarkaðri ábyrgð. Prókúruhafi er Baldur Eiríksson og hefur hann einn rétt til að skuldbinda firmað. Ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Baldur Eiríksson

Umboðs- & heildverzlun Siglufirði

Baldur Eiríksson.

Siglufirði, 1. ágúst 1941.

Hólmfriður Sveinbjörnsdóttir. Baldur Eiríksson.

9. Hér með tilkynnist til firmaskrár Siglufjarðar, að ég undirritaður starfræki hér í bæ skipasmiðastöð með ótakmarkaðri ábyrgð, til hvers konar smíða og viðgerða skipa, undir nafninu „Dráttarbraut Siglufjarðar“. Ég hef einn rétt til þess að rita firmað og geri ég það þannig:

Dráttarbraut Siglufjarðar

S. J. Hjaltalín.

Siglufirði, 4. sept. 1941.

S. J. Hjaltalín.

10. Á framhaldsaðalfundi í h.f. „Hrimnir“, Siglufirði, þann 28. júlí 1941, voru gerðar eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins:

4. gr. Í stað „kr. 150000.00 — eitt hundrað og fimmtíu þúsund“ — komi: „kr. 250000.00 — tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur“, og í 2. málsg. sömu greinar, upphafinu, breytist: „Hlutabréf félagsins“ í „Hlutfé félagsins — —“.

5. gr. a-liður hljóði svo: „Stjórn félagsins gefur út hlutabréfin og undirritar þau. Hlutabréfin skulu vera tölusett með áframhaldandi númerum og hljóða á handhafa. Í bréfi hverju skal tilgreina dagsetningu samþykktu félagsins, nafn þess og heimilisfang og upphæð hlutfjárins“.

b-liður orðist þannig: „Arður af bréfunum er gjaldkræfur strax og aðalfundur hefur ákveðið hann. Er stjórn félagsins rétt og skylt að greiða slíkan arð handhöfum hlutabréfa við framvísun bréfsins.“

c-liður orðist þannig: „Stjórnin skal halda skrá yfir hlutabréf þau, sem út eru gefin, en þar skal greina: 1. Útgáfudag hvers hlutabréfs. 2. Nafnverð bréfsins og númer þess.“

d- og e-liðir séu óbreyttir.

f-liður orðist þannig: „Hlutabréf þau, sem þegar hafa verið gefin út á nöfn, má framselja til handhafa.“

g-, h-, i-, j- og k-liðir greinarinnar falli niður.

9. gr. 2. málsg. Á eftir orðunum: „ef hann sækja hluthafar“, bætist inn í: „— eða umboðsmenn þeirra“.

21. gr. Síðasta málsgrein fyrstu efnisgreinar orðist þannig: „Ályktanir stjórnarfundar eru lögmatar, ef fjórir stjórnendur eða varastjórnendur sækja fund“.

Stjórn félagsins skipa nú: Friðrik Guðjónsson, útg., Erlendur Þorsteinsson, alpm., Ingvar Guðjónsson, útg., Andrés Hafliðason, kaupm., Aage R. Schiöth, lyfsali, allir á Siglufirði, og varastjórn: Gunnlaugur Guðjónsson, verkstj., Bergur Guðmundsson, kennari, og Kristján Sigurðsson, verkstj., allir á Siglufirði.

Siglufirði, 30. sept. 1941.

Aage Schiöth. Ingvar Guðjónsson. Andrés Hafliðason.

Gunnl. Guðjónsson. Bergur Guðmundsson.

- 233 11. Hér með tilkynnist til firmaskrár Siglufjarðar, að ég hef selt Bifreiðastöð Siglufjarðar h.f. bifreiðastöð mína, skrásetta undir nafninu Bifreiðastöð Siglufjarðar.
Siglufirði, 14. okt. 1941.

Ásgerður Ísaksdóttir. Gunnar Guðbrandsson.

Samkv. ofanrituðu hefur Bifreiðastöð Siglufjarðar h.f. keypt Bifreiðastöð Siglufjarðar, og verður stöðin starfrækt áfram undir nafninu Bifreiðastöð Siglufjarðar.

Siglufirði, 4. okt. 1941.

pr. Bifreiðastöð Siglufjarðar h.f.

Daníel Þórhallsson. Ragnar Guðjónsson. M. Ásmundsson.

12. Hér með tilkynnist til firmaskrár Siglufjarðar, að við undirritaðar rekum smá-söluverzlun með barnafatnað og ýmsar vefnaðarvörur o. fl. undir nafninu Verzlunin Baby. Verzlunina eigum við sameiginlega og berum allar ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum hennar. Firmað rita Guðrún Sigurhjartar og Anna Jóhanns og hafa þær hvor um sig rétt til að skuldbinda firmað og rita þær firmað þannig:

pr. Verzlunin Anna og Gunna
Anna Jóhanns.

pr. Verzlunin Anna og Gunna
Guðrún Sigurhjartar.
Siglufirði, 6. des. 1941.

Anna Jóhanns. Guðrún Sigurhjartar. Hulda Sigurhjartar.

6. Eyjafjarðarsýsla og Akureyrarkaupstaður.

1. Það tilkynnista hér með til hlutafélagaskrár Eyjafjarðarsýslu, að á aðalfundi félagsins Sildarbræðslustöðin Dagverðareyri h.f., var samþykkt svo hljóðandi viðbót við 3. gr. félagslaganna (um tilgang félagsins):

„Enn fremur annar atvinnurekstur í sambandi við þá framleiðslu.“

Einnig var samþykkt, að félagsstjórnina skyldu framvegis skipa 3 hluthafar og einn til vara, í stað 5 áður, og undirskrift tveggja stjórnenda skuldbindi félagið í stað þriggja áður.

Þá voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins:

Ólafur H. Jónsson, forstjóri, Bergstaðastræti 67, Rvík.

Ólafur Tr. Einarsson, útgerðarmaður, Hafnarfirði.

Kristján Einarsson, forstjóri, Hringbraut 18, Rvík, og til vara:

Othar Ellingsen, kaupm., Bergstaðastræti 67, Rvík.

Framkvæmdarstjóri og prókúruhafi er framvegis, eins og áður, J. Jentoft

Indbjör, Dagverðareyri pr. Akureyri.

Stjórnendur rita nöfn sín þannig:

Ólafur H. Jónsson.

Ólafur Tr. Einarsson.

Kr. Einarsson.

Varastjórnandi ritar nafn sitt:

Othar Ellingsen.

Reykjavík, 19. apríl 1941.

pr. pr. Sildarbræðslustöðin Dagverðareyri h.f.

Ólafur H. Jónsson. Kr. Einarsson. Ól. Tr. Einarsson.

2. Ég hef selt þeim Árna Bjarnasyni, Mógili, S.-Þing., og Birni Halldórssyni, Hafnarstræti 86 A, Akureyri, fyrirtæki mitt „Bókaútgáfuna Eddu“.

Akureyri, 23. apríl 1941.

Geir Jónasson.

3. Á aðalfundi h.f. Ásgeir Pétursson & Co., Knarrarbergi, var í dag gerð sú breyting á stjórn félagsins, að frú Bryndís Ásgeirsdóttir, Skeggjagötu 2, Reykjavík, var kosin í stjórn í staðinn fyrir Sigurð Kristjánsson, skrifstofustjóra, Siglufirði.

Stjórn félagsins skipa nú:

Ásgeir Pétursson, Libkesgade 21, Kaupmannahöfn, formaður.

Jón Ásgeirsson, útgerðarmaður, Hlíðarveg 6, Siglufirði, varaformaður.

Frú Bryndís Ásgeirsdóttir, Skeggjagötu 2, Reykjavík, meðstjórnandi.

H.f. Ásgeir Pétursson & Co.

Ásgeir Pétursson. Jón Ásgeirsson.

4. „Flugfélag Akureyrar“ er í dag strikað út af hlutafélagaskránni.

Skrifstofu Akureyrar, 19. júní 1941.

Lögreglustjórinn.

5. Ég undirritaður gef hér með herra prentsmiðjustjóra Sigurði O. Björnssyni, Akureyri, umboð til að fara með prókúru fyrir Prentsmiðju Odds Björnssonar, Akureyri, með öllum réttindum prókúruhafa samkvæmt gildandi lögum.

Sigurður O. Björnsson ritar þannig:

pr. pr. Prentsmiðja Odds Björnssonar

Sigurður O. Björnsson.

Akureyri, 17. okt. 1941.

Oddur Björnsson.

7. Þingeyjarsýsla.

1. Ég undirritaður rek hér á Húsavík með ótakmarkaðri ábyrgð smásöluverzlun undir nafninu Verzlun Vernh. Bjarnason. Firmað rita ég þannig:

Verzlun Vernh. Bjarnason

V. Bjarnason.

Húsavík, 24. maí 1941.

V. Bjarnason.

2. Hér með tilkynnist til samvinnufélagaskrárinnar, að Kaupfélag Svalbarðseyrar, Svalbarðseyri, hefur breytt samþykktum sínum á þann veg, að eftirleiðis ber hver félagsmaður aðeins ábyrgð á skuldbindingum félagsins með stofnsjóðsinnstæðu sinni, og kr. 300.00 að auki. Fellur því niður samábyrgð félagsmanna. Félagið hefur keypt smásöluleyfi. Stjórn félagsins skipa þrír eftirtaldir menn: Kristján Sigurðsson, Halldórsstöðum, formaður, Jón Laxdal, Meðalheimi, og Stefán Tryggvason, Hallgilsstöðum. Framkvæmdarstjóri félagsins og prókúrhafi er Finnur Kristjánsson, Svalbarðseyri. Ritir hann firmað þannig:

pr. pr. Kaupfélag Svalbarðseyrar

Finnur Kristjánsson.

Svalbarðseyri, 15. sept. 1941.

Kristján Sigurðsson.

Stefán Tryggvason.

Jón Laxdal.

- 233 3. Undirrituð stjórn Kaupfélags Svalbarðseyrar, Svalbarðseyri, veitir hér með Finni Kristjánssyni, Svalbarðseyri, fullt og ótakmarkað prókúruumboð fyrir Kaupfélag Svalbarðseyrar.

Svalbarðseyri, 15. sept. 1941.

Kristján Sigurðsson. Jón Laxdal. Stefán Tryggvason.

Samkvæmt ofanritaðri tilkynningu um prókúruumboð, ritar prókúruhafi þannig fyrir félagið:

pr. pr. Kaupfélag Svalbarðseyrar
Finnur Kristjánsson.

8. Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður.

1. Það tilkynnist hér með til samvinnufélagaskrárinnar, að undirrituð stjórn Fisksölufélags Seyðisfjarðar hefur svipt hr. Benedikt Jónasson prókúruumboði fyrir nefnt félag frá 30. apríl n. k. að telja.

Seyðisfirði, 2. apríl 1941.

Stjórn Fisksölufélags Seyðisfjarðar

Sig. Vilhjálmsson. Ásgeir Guðmundsson. Jón B. Sveinsson.

2. Að gefnu tilefni skal fúslega lýst yfir, að í auglýsingu vorri, sem birtist í Lögbirtingi, 26. tölubl., hinn 23. maí s.l., var ekki átt við neitt annað en það, að prókúruumboð herra Benedikts Jónassonar falli niður, þar sem hann lét af störfum við Fisksölufélag Seyðisfjarðar hinn 30. apríl s.l.

Seyðisfirði, 12. júní 1941.

Stjórn Fisksölufélags Seyðisfjarðar

Sig. Vilhjálmsson. Ásgeir Guðmundsson. Jón B. Sveinsson.

9. Neskaupstaður.

1. Það tilkynnist hér með til samvinnuskrárinnar, að undirrituð stjórn Samvinnufélags Útgerðarmanna, Neskaupstað, hefur frá og með deginum í dag gefið Ármanni Eiríkssyni prókúruumboð fyrir firmað og hefur hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum nr. 42 13. nóv. 1903. Frá sama degi hefur Niels Ingvarsson verið sviptur prókúruumboði því, er hann hafði fyrir nefnt félag.

Neskaupstað, 20. sept. 1941.

Stjórn Samvinnufélags Útgerðarmanna, Neskaupstað

Ármann Magnússon. Ásmundur Guðmundsson. Benedikt Benediktsson.

10. Vestmannaeyjar.

1. Á fundi Kaupfélagsins Fram 27. des. 1940 var samþykkt að leggja félagið niður og selja eignir þess og stjórninni falið að ljúka því.

Þar sem eignir félagsins eru nú seldar og búið að ganga frá öllum skuldum þess og skuldbindingum, svo og öllum skuldum og skuldbindingum félagsmanna við það, er félagið hér með lagt niður samkvæmt 20. gr. samþykktu þess.

Hinn nýi kaupandi eignanna, Einar Sigurðsson, kaupmaður, Skólavegi 1,

hefur yfirtekið allar eldri skuldir og skuldbindingar með yfirlýsingu dags. 31. 233 desember 1940.

Vestmannaeyjum, 1. febr. 1941.

Stjórn Kaupfélagsins Fram

Jón Ólafsson. Gísli Jónsson, Árni Jónsson.
Jón Gíslason. Ágúst Benediktsson.

Yfirlýsing.

Ég undirritaður, Einar Sigurðsson, Skólavegi 1, Vestmannaeyjum, lýsi hér með yfir, að ég tek að mér að greiða allar skuldir og skuldbindingar, sem hvíla á Kaupfélaginu Fram í Vestmannaeyjum og leysi þar með félagsmenn kaupfélagsins undan öllum persónulegum skuldbindingum vegna félagsskaparins og ábyrgðum, sem á þeim hafa hvílt samkvæmt lögum félagsins.

Vestmannaeyjum, 31. des. 1940.

Einar Sigurðsson.

Vitundarvottar:

Kjartanía Vilhjálmssd.

Jónas Jónsson.

2. Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Vestmannaeyja, að Fiskur & Ís h.f. hefur aukið hlutafé sitt um kr. 10000.00 — tíu þúsund —, og að sú breyting hefur orðið á stjórn félagsins, að Árni Böðvarsson og María Böðvarsson hafa gengið úr félaginu og stjórn þess, en í þeirra stað hafa komið Ólafur B. Kristjánsson, Hverfisgötu 55, Reykjavík, varaformaður, og Kristján Kristjánsson, Brávallagötu 48, Reykjavík, varastjórnandi.

Hinir nýju stjórnendur rita nöfn sín þannig:

Ólafur B. Kristjánsson.

Kristján Kristjánsson.

Vestmannaeyjum, 20. júní 1941.

Magnús Guðbjartsson. Ólafur B. Kristjánsson. Sigríður Benónýsdóttir.

3. Ég leyfi mér að tilkynna til firmaskrár Vestmannaeyja, að ég rek með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu Skipasmiðastöð Vestmannaeyja, skipasmiðar, aðgerðir á skipum og bátum, efnissölu og annað, sem undir atvinnurekstur þenna fellur.

Firmað rita ég þannig:

Skipasmiðastöð Vestmannaeyja

Helgi Benediktsson.

Vestmannaeyjum, 16. okt. 1941.

Helgi Benediktsson.

4. Hér með tilkynnist, að við höfum falið herra Sigurjóni Högnasyni, gjaldkera, prókúruumboð fyrir firma okkar.

Hr. Sigurjón Högnason ritar firmað þannig:

pr. pr. Gunnar Ólafsson & Co.

Sigurjón Högnason.

Vestmannaeyjum, 28. okt. 1941.

Gunnar Ólafsson & Co.

Gunnar Ólafsson. Jóhann P. Jósefsson.

- 233 5. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Vestmannaeyja, að við undirritaðir rekum útgerðarfélag undir nafninu Sameignarfélagið Vestri og berum ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins.

Vestmannaeyjum, 28. okt. 1941.

Ágúst Bjarnason. Júlíus Ingibergsson.

6. Vegna ákvæði laga nr. 84 frá 1933 hefur firmanafn Helga Benediktssonar „Skipasmíðastöð Vestmannaeyja“ verið strikað út úr firmskrá Vestmannaeyja.

Vestmannaeyjum, 28. nóv. 1941.

Kristinn Ólafsson,

ftt.

11. Rangárvallasýsla.

1. Hér með tilkynnist, að prókúruumboð hr. Ágústs Einarssonar fyrir Kaupfélag Hallgeirseyjar, fellur niður frá og með 20. þ. m. Frá sama tíma veitist herra verzlunarmanni Sveini Guðmundssyni prókúruumboð fyrir nefnt félag. Hann ritar nafn sitt þannig:

pr. pr. Kaupfélag Hallgeirseyjar

Sveinn Guðmundsson

Arnarhvoli, 6. júní 1941.

Í stjórn Kaupfélags Hallgeirseyjar

Sigurþór Ólafsson. Jón Gíslason. Valdim. Jónsson.

Guðjón Jónsson.

12. Árnessýsla.

1. Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Árnessýslu, að á almennum hluthafafundi í h.f. Garður, sem haldinn var 23. nóv. 1940, var samþykkt að hækka hlutafé félagsins um 10 þúsund krónur upp í 35 þúsund krónur. Er hið aukna hlutafé þegar greitt.

Selfossi, 7. marz 1941.

F. h. h.f. Garður

Teitur Eyjólfsson. Jón Ingvarsson.

2. Hér með tilkynnist, að stjórn h.f. Skálafell hefur 26. júní 1941 veitt verkstjóra Jóni Ingvarssyni, Núpi, prókúruumboð fyrir félagið, og undirritar hann firmað þannig:

pr. pr. Skálafell h.f.

Jón Ingvarsson.

Jafnframt afturkallast frá sama tíma að telja prókúruumboð Guðmundar

Á. Böðvarssonar, sem honum var veitt fyrir félagið 25. jan. 1941.

Selfossi, 1. sept. 1941.

Böðvar Tómasson. Jón Ingvarsson. Skúli Þorleifsson.

3. Hér með tilkynnist firmaskrá Árnessýslu, að dánarbú Júlíusar Guðmundssonar er frá og með deginum í dag að telja gengið úr firmanu S. Ó. Ólafsson

& Co. Skuldbindingar firmans, stofnaðar eftir þann tíma, eru þannig dánar- 237
búinu óviðkomandi.

Reykjavík, 5. sept. 1941.

f. h. db. Júlíusar Guðmundssonar
Lúðvík Guðmundsson. Niels Carlsson.

Samkvæmt ofanrituðu höfum við undirritaðir keypt hluta Júlíusar sál. Guðmundssonar í firmanu S. Ó. Ólafsson & Co. og rekum firmað framvegis tveir einir með ótakmarkaðri ábyrgð. Firmað ritum við báðir, ef um lántökur eða veðsetningu eigna firmans er að ræða, þannig:

S. Ó. Ólafsson & Co.

G. Guðmundsson. Sig. Óli Ólafsson.

Selfossi, 6. sept. 1941.

G. Guðmundsson. Sig. Óli Ólafsson.

13. Gullbringu- og Kjósarsýsla og Hafnarfjörður.

1. Bakki h.f., sem tilkynnt var til skrásetningar í Reykjavík 22. apríl 1937 og skrásett þar 1. júní s. á., og auglýst í Lögbirtingablaðinu 7. sama mánaðar, hefur þann 30. desember 1940 verið afmáð úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur og skrásett í hlutafélagaskrá Gullbringu- og Kjósarsýslu. Heimili félagsins og varnarþing er nú að Kothúsum í Garði í Gullbringusýslu.

Stjórn félagsins skipa nú:

Óskar Halldórsson, Ingólfsstræti 21, Reykjavík.

Þóra Óskarsdóttir, Ingólfsstræti 21, Reykjavík.

Sveinbjörn Árnason, Kothúsum í Garði.

Varastjórnandi: Theódór Óskarsson, Ingólfsstræti 21, Reykjavík.

Undirskriftum er hagað þannig:

Bakki h.f.

Óskar Halldórsson. Sveinbjörn Árnason.

Bakki h.f.

Óskar Halldórsson. Þóra Óskarsdóttir.

Bakki h.f.

Sveinbjörn Árnason. Þóra Óskarsdóttir.

2. Jarlinn, sameignarfélag, sem tilkynnt var til skrásetningar í Reykjavík 4. jan. 1940 og skrásett hinn 6. sama mánaðar, og auglýst í Lögbirtingablaðinu 19. sama mánaðar, hefur þann 30. desember 1940 verið afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur og skrásett í firmaskrá Gullbringu- og Kjósarsýslu. Heimili félagsins er nú að Kothúsum í Garði, Gullbringusýslu.

3. Óskar Halldórsson h.f., sem tilkynnt var til firmaskrár í Vestmannaeyjum 11. febrúar 1932 og skrásett var þar 10. marz s. á., og auglýst var í Lögbirtingablaðinu 7. apríl s. á., hefur þann 31. desbr. 1940 verið afmáð úr hlutafélagaskrá Vestmannaeyja og er nú skráð í hlutafélagaskrá Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Heimili félagsins og varnarþing er nú að Kothúsum í Garði í Gullbringusýslu.

Stjórnina skipa nú: Formaður Óskar Halldórsson, Ingólfsstræti 21, Rvík.

233

Meðstjórnendur: Þóra Óskarsdóttir, Ingólfsstræti 21, Rvík, Björn Ólafsson, Túngötu 3, Rvík.

Framkvæmdarstjóri er Óskar Halldórsson.

Undirskriftum er hagað þannig:

Óskar Halldórsson h.f.

Óskar Halldórsson. Björn Ólafsson.

Óskar Halldórsson h.f.

Óskar Halldórsson. Þóra Óskarsdóttir.

Óskar Halldórsson h.f.

Björn Ólafsson. Þóra Óskarsdóttir.

p. t. Hafnarfirði, 31. des. 1940.

Óskar Halldórsson. Björn Ólafsson. Þóra Óskarsdóttir.

4. Það tilkynnist til firmaskrárinnar, að Minkabúið í Kópavogi h.f., sem rekið hefur loðdýrarækt í Kópavogi í félagi við hr. Ófeig Þorvaldsson, hætti störfum þann 16. des. s.l., samkvæmt samþykkt hluthafanna, og óskast strikað út úr firmaskránni.

Reykjavík, 10. janúar 1941.

pr. Minkabúið í Kópavogi h.f.

Óskar Einarsson. Páll Kolbeins.

5. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Hafnarfjarðar, að á hluthafafundi Bátafélags Hafnarfjarðar h.f., sem haldinn var 22. okt. 1940, var samþykkt að auka hlutafé félagsins með forgangshlutafé fyrir kr. 20000.00 — tuttugu þúsund krónur —, og á hluthafafundi, sem haldinn var 20. nóv. s. á. var samþykkt nauðsynleg lagabreyting á lögum félagsins í sambandi við hlutafjárukninguna.

Hlutaféð skiptist í 20 hlutabréf, hvert á kr. 1000.00, og verða þau auðkennd sem Litra B. Tíu atkvæði fylgja hverju bréfi og greiðist af þeim 6% ársarður áður en arður er greiddur af eldri hlutabréfum félagsins og sömuleiðis greiðast forgangshlutabréfin upp á undan almennum hlutabréfum, ef félagið hættir störfum.

Hlutafjársofnun er lokið og hlutaféð er greitt.

Hafnarfirði, 20. jan. 1941.

Jón Halldórsson.

6. Ég leyfi mér hér með að tilkynna til hlutafélagaskrár Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar, að á hluthafafundi í h.f. „Berg“, sem haldinn var á skrifstofu minni laugardaginn 25. þ. m., og flestir hluthafanna mættu á persónulega, en umboðsmenn fyrir alla þá, er ekki komu sjálfir, var samþykkt með öllum atkvæðum að leysa upp félagið. Leyfi ég mér því að óska eftir, að h.f. „Berg“ verði afmáð úr hlutafélagaskránni.

Reykjavík, 29. janúar 1941.

Július Guðmundsson,

framkvæmdarstjóri og formaður í stjórn h.f. „Berg“.

7. Til firmaskrár Gullbringu- og Kjósarsýslu hefur verið tilkynnt eftirfarandi: Þorgr. St. Eyjólfsson og Elías Þorsteinsson, Keflavík, reka sameiginlega með ótakmarkaðri ábyrgð verzlun í Keflavík með alls konar innlendan og útlendan varning undir firmanafninu „Verzlunin Þorsteinn Þorsteinsson“.

Firmaritun er þannig, að Þorgr. St. Eyjólfsson ritar firmað einn, nema **233** um sé að ræða veðsetningu á eignum verzlunarinnar; til þess þarf undirskrift beggja.

Firmað ritast þannig:

Verzlunin Þorsteinn Þorsteinsson
Þorgr. St. Eyjólfsson.
Verzlunin Þorsteinn Þorsteinsson
Þorgr. St. Eyjólfsson. Elías Þorsteinsson.

8. Tilkynnt hefur verið Vatnsveitufélag Seltirninga. Heimili félagsins og varnarþing er í Seltjarnarneshreppi í Kjósarsýslu.

Dagsetning samþykktar er 5. janúar 1941. Samþykktin var staðfest 21. s. m. Verkefni félagsins er að sjá félagsmönnum fyrir nægu og góðu vatni, til heimilis- og búþarfa, iðnaðar og iðju, án orkunýtingar. Þessu takmarki hyggst félagið að ná með því:

1. að yfirtaka vatnsveitu þá, sem liggur um félagssvæðið,
2. að notfæra sér heimild í lögum nr. 46 20. júní 1923, III. kafla, og veita vatni um vatnsæðar frá Reykjavík um félagssvæðið,
3. halda þessum vatnsæðum við og annast rekstur þeirra,
4. semja við Reykjavíkurbæ um endurgjald fyrir vatnsnotin.

Vatnsveitufélagið hefur einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er á félagssvæðinu.

Eigendur 34 húseigna í hreppnum eru taldir félagar í vatnsveitufélaginu. Stjórnina skipa:

Garðar Þorsteinsson, formaður.

Jóhannes Ólafsson, gjaldkeri.

Sigurður Flygenring, ritari.

9. Hér með tilkynnist til firmaskrár Hafnarfjarðar, að prókúruumboð Lofta Bjarnasonar fyrir h.f. Júpiter er niður fallið. Jafnframt veitist Tryggva Ófeigssyni, skipstjóra, prókúruumboð fyrir félagið samkvæmt 25. gr. laga nr. 42 13. nóv. 1903. Hinn nýi prókúruhafi ritar firmað þannig:

p. p. h.f. Júpiter
Tryggvi Ófeigsson.
Hafnarfirði, 29. marz 1941.

Í stjórn h.f. Júpiter
Loftur Bjarnason. Sveinn Sigurðsson. Tryggvi Ófeigsson.

10. Hér með tilkynnist til firmaskrár Hafnarfjarðarkaupstaðar, að á fundi í h.f. Sviði, sem haldinn var í Hafnarfirði hinn 31. des. 1940, gekk herra sparisjóðsgjaldkeri Sigurgeir Gíslason úr stjórn félagsins.

Í hans stað tók sæti í stjórninni varamaður í stjórn félagsins hr. framkvæmdarstjóri Ásgrímur Sigfússon.

Stjórn félagsins skipa því nú:

Þórarinn Egilson, formaður, og meðstjórnendur þeir: Ásgeir Stefánsson, framkv.stj., og Ásgrímur Sigfússon, framkv.stj.

Hafnarfirði, 12. júní 1941.

H.f. Sviði
Þórarinn Egilson. Ásgeir G. Stefánsson. Ásgr. Sigfússon.

- 233 11. Á hluthafafundi í h.f. Jökli þ. 16. sept. 1940 var samþykkt að flytja heimilisfang félagsins í Hafnarfjarðarkaupstað. Jafnframt gekk Bernhard Petersen, Reykjavík, úr stjórn félagsins, en í stað hans var kosin frú Sigríður Bjarnason, Hafnarfirði. Í varastjórn var kosinn Bernhard Petersen, Rvík, í stað Steingríms Björnssonar.

Vér óskum eftir því, að heimilisfang félagsins verði flutt, í samræmi við ákvörðun fundarins.

Reykjavík, 28. júní 1941.

Beinteinn Bjarnason.

Þorlákur Björnsson.

Sigríður Bjarnason.

12. H.f. Jökull, sem tilkynnt var til hlutafélagaskrár í Reykjavík 11. júní 1937, og skrásett var þar 30. júní 1937 og auglýst í Lögbirtingablaðinu 17. júlí 1937, hefur þann 2. júlí 1941 verið afmáð úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur og er nú skráð í hlutafélagaskrá Hafnarfjarðar.

Heimili félagsins og varnarþing er nú í Hafnarfirði.

Stjórnina skipa nú:

Formaður Beinteinn Bjarnason, Sigríður Bjarnason og Þorlákur Björnsson, Reykjavík.

Varastjórn: Bernhard Petersen, Reykjavík.

Framkvæmdarstjóri er Beinteinn Bjarnason.

13. Á stjórnarfundum í hlutafélaginu Reykjabió, er haldinn var 18. júlí 1941, var samþykkt að auka hlutafé félagsins úr kr. 28000.00 upp í kr. 43000.00 — fjöru-tíu og þrjú þúsund krónur — og er það allt innborgað. Jafnframt samþykkti stjórnin á fundi þann 27. þ. m., að veita framkvæmdarstjóra félagsins, Stefáni Guðnasyni, prókúruumboð fyrir félagið með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa lögum samkvæmt.

S. Sigurjónsson.

Þór. Kristjánsson.

14. Til hlutafélagaskrár Hafnarfjarðar hefur verið tilkynnt, að á aðalfundi h.f. Sviði, er haldinn var 25. þ. m., var lögum félagsins breytt þannig, að tilgangur félagsins er, samkvæmt 3. gr.: Fiskveiðar og annað það, er að útgerð lýtur, og verzlun með fisk og aðrar útgerðarvörur, svo og kaup og sala fasteigna og verðbréfa.

Á sama fundi var lögum félagsins einnig breytt í þá átt, að í stjórn þess skyldi vera 5 — fimm — menn í stað 3 — þriggja —, sem áður var, og að undirskrift þriggja stjórnenda þyrfti til að skuldbinda félagið.

Stjórn félagsins skipa nú þessir menn: Garðar Þorsteinsson, hrm., Vesturg. 10, Reykjavík, formaður félagsins, Kristján Bergsson, fyrrv. fiskifél.forseti, Suðurgötu 39, Reykjavík, Hafliði Halldórsson, forstjóri, Gamla Bíó, Reykjavík, Ingvar Vilhjálmsson, útgerðarm., Viðimel 44, Reykjavík, Sveinn Jónsson, útgerðarmaður, Sandgerði.

Reykjavík, 29. sept. 1941.

Garðar Þorsteinsson.

Ingvar Vilhjálmsson.

Kr. Bergsson.

Sveinn Jónsson.

Hafliði Halldórsson.

15. Vér leyfum oss hér með að tilkynna til firmaskrár Gullbringusýslu, að samkvæmt yfirlýsingu h.f. Óskar Halldórsson, dags. 17. nóv. 1938, er hlutafélagið

gengið út úr firmanu s/f. Hafskipabryggja Keflavíkur og vér þar með orðnir 233 einkaeigendur sameignarfélagsins.

Jafnframt leyfum vér oss að tilkynna yður, að firmað s/f. Hafskipabryggja Keflavíkur er nú hætt störfum og óskast það því strikað út úr firmaskránni.

Reykjavík, 8. nóv. 1941.

Keflavík h.f.

G. Kristjánsson.

Þorlákur Björnsson.

Finnbogi Guðmundsson.

16. Það tilkynnist hér með, að ég hef veitt bæjarfulltrúa Þorleifi Jónssyni, prókúruumboð fyrir mig, og hefur hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum. Prókúruna ritar hann þannig:

p. p. Geir Zoëga

Þorl. Jónsson.

Hafnarfirði, 18. nóv. 1941.

Geir Zoëga.

17. Hér með tilkynnist, að firmað Haraldur Böðvarsson & Co., Sandgerði, hættir störfum 30. nóv. 1941, þar sem eignir og rekstur firmans hefur verið selt h.f. Miðnes, Sandgerði.

Sandgerði, 25. nóv. 1941.

Haraldur Böðvarsson.

Ólafur Jónsson.

Sveinn Jónsson.

AUGLÝSING

234

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík um skrásetningar þær, sem gerðar hafa verið árið 1941.

Skrásett 1941, nr. 1.

Tilkynnt 28. desember 1940, kl. 11 f. h., af T. J. Smith & Nephew, Limited, iðnaður og verzlun, Hull, Englandi, og skrásett 21. janúar 1941.

Orðið:

GYPSONA

Merkið er skrásett í London 27. september 1938, 5. flokki, fyrir hvers konar lækna- inga- og sáraplástra og umbúnað, umbúðir og efni í slíkar umbúðir.

Er áskilinn réttur til þess að nota merkið í öllum stærðum og gerðum.

Skrásett 1941, nr. 2.

Tilkynnt 28. desember 1940, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 21. janúar 1941.

Orðið:

TENSOPLAST

Merkið er skrásett í London 26. júlí 1932, 3. flokki, fyrir hvers konar græðandi plástra og umbúðir.

Er áskilinn réttur til þess að nota merkið í öllum stærðum og gerðum.